

Akureyri 23. september 2013

Ágæti viðtakandi.

Ég leyfi mér að senda þetta til framhaldsskóla á Norðurlandi og þeirra staða sem bjóða aðstöðu fyrir nemendur í heimabyggð til að stunda nám í framhaldsskóla. Einnig til Menntamálaráðuneytisins.

Föstudaginn 4. október 2013 verður haldin ráðstefna á Akureyri um menntamál. Slíkar ráðstefnur hafa verið haldnar á tveggja eða þriggja ára fresti og hafa verið kenndar við samræðu allra skólastiga. Nú verður áhersla á Lærdómssamfélagið. Sjá upplýsingar: <http://www.simey.is/>

VMA hefur haft forystu um verkefni innan Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlunar ES og það verkefni verður kynnt á málstofu á ráðstefnunni. Verkefnið kallast Workmentor eða Starfsfóstri. Bæklingurinn kynnir verkefnið.

Hópurinn sem vinnur að verkefninu mun standa fyrir tveimur málstofum á ráðstefnunni. Lýsingar á þeim er að finna hér neðan við, þessar lýsingar birtast í gögnum ráðstefnunnar.

1. Starfsfóstraverkefnið Workmentor. Málstofa á ensku.

The Leonardo da Vinci Project Workmentor will be introduced. The Workmentor Project will transfer the methods of mentoring into the workplace setting when an employee becomes an advisor to a student during a workplacement. VMA is the organizing partner and other partners come from Wales, England, Netherlands, France, Finland and Norway. The workshop will include presentations on the goals and big ideas, the project work, the outcomes and possible use in the future.

<http://workmentor.vma.is>

Jóhannes Árnason [jarn@vma.is](mailto:jarn@vma.is)

2. Málstofa um vinnustaðanám.

Í málstofunni verður fjallað um vinnustaðanám frá ýmsum hliðum. Ekki er ætlunin að gera einhverja allsherjar úttekt eða tæmandi greiningu á vinnustaðanámi heldur draga fram fjölbreytni í því sem hægt er að kalla vinnustaðanám. Sýnd verða dæmi um vinnubrögð og aðferðir við að undirbúa og fylgjast með nemendum í vinnustaðanámi. Erlendir þátttakendur í verkefninu Workmentor munu lýsa sínum aðferðum við vinnustaðanám en einnig munu fulltrúar VMA og vinnustaða á Akureyri ræða um vinnustaðanám. Vonast er eftir því að hægt verði að útskýra hvað það merkir að nota samkomulag þriggja aðila um vinnustaðanám, sýna dæmi um slíkt m.a. úr VMA og hvernig það er öðruvísi en t.d. iðnnemasamningar.

Jóhannes Árnason [jarn@vma.is](mailto:jarn@vma.is)

Virðingarfyllst  
Jóhannes Árnason